



## FUNDARGERÐ 474. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 25. nóvember 2022. Fundurinn er settur klukkan 07:43. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi hjá Strategíu, Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri á fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar, og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Halldóra, Helga Hlín, Hörður og Þorsteinn gera grein fyrir almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar.

Stjórn þakka fyrir kynningu og eru umræður í kjölfar hennar.

Gestir sem taka sæti á fundinum undir þessum lið víkja af fundi klukkan 08:30.

#### 2. Staðan á áformum um útflutning á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á áformum um útflutning á brennanlegum úrgangi.

Umræður eru í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU bs. felur framkvæmdastjóra að halda áfram með fyrirhuguð áform um útflutning á brennanlegum úrgangi í samræmi við ákvörðun fyrri stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði að því að upplýsa stjórn með virkum hætti um framgang málsins.“*

#### 3. Rekstur Góða hirðisins

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu rekstrar Góða hirðisins.

Umræður eru í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra.



#### **4. Tillaga fulltrúa Framsóknarflokks í varðandi úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar og aðgengi að þeim**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tillögu fulltrúa Framsóknarflokks varðandi úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar og aðgengi að þeim.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka tillöguna til skoðunar.

#### **5. Önnur mál**

Orri Hlöðversson gerir grein fyrir afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs um tillögu framkvæmdastjóra SORPU um skipun á starfshópi um staðarval á nýrri endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar SORPU við Dalveg. Samtal er einnig hafið við Garðabæ vegna málsins.

#### **6. Næsti fundur**

Næsti fundur er ákveðinn föstudaginn 9. desember klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:21.